

Heimanám við Grunnskóla Fjallabyggðar

Heimanámi er ætlað að gefa foreldrum tækifæri til að fylgjast með hvernig börnum þeirra gengur að takast á við nám og einnig að fylgjast með því hvaða viðfangsefni verið er að fjalla um í skólanum. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að foreldrar beri ábyrgð á uppeldi barna sinna og eigi að fá tækifæri til að taka þátt í námi þeirra. Eins beri foreldrar ábyrgð á því heimanámi sem skólinn og foreldrar hafi orðið ásátt um. Grunnskóli Fjallabyggðar leggur á það megináherslu að nemendur þjálfu sig í lestri heima **alla skólagönguna**. Lestrarfærni nemenda er mikilvægasti þátturinn í öllu námi barna og grunnur að því sem koma skal og á ábyrgð foreldra að sú færni sé þjálfuð heima.

Markmið heimanáms í Grunnskóla Fjallabyggðar er að:

- þjálfu lestrarfærni nemenda
- nemendur þjálfu enn frekar og rifji upp það sem kennt hefur verið í skólanum
- lesa og kynna sér námsefni til undirbúnings
- efla ábyrgð nemenda á námi sínu
- venja nemendur við ákveðin vinnubrögð og ögun í námi
- veita foreldrum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna

Heimanámsverkefni í Grunnskóla Fjallabyggðar eru þannig að:

- þau miðast við vinnu á virkum dögum
- þau eru við hæfi hvers og eins
- þau verði vettvangur ánægjulegrar samveru foreldra með barni sínu

Hlutverk foreldra við heimanám er að:

- vera styðjandi, jákvæð og hvetjandi
- skapa barninu góðar námsaðstæður
- láta kennara vita ef þeir telja heimanámið ekki við hæfi
- aðstoða barnið við að skipuleggja námið
- kenna barninu að taka smám saman ábyrgð á heimanáminu

Hlutverk nemanda við heimanám er að:

- skipuleggja heimavinnuna með foreldrum
- skila á réttum tíma
- taka ábyrgð á heimanáminu

Hlutverk kennara við heimanám er að:

- hver og einn nemandi fái heimanám við hæfi
- gefa greinargóðar upplýsingar um heimanámið, t.d á mentor eða í vikuáætlun
- sjá til þess að nemendur viti hvernig eigi að leysa verkefni og þekki markmiðin
- gera kröfur um vönduð vinnubrögð
- fara yfir heimanámið
- hafa samband við foreldra ef þörf er á